Ný-útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1890.

Farmannalög, undirskrifuð af konungi 22. marz 1890 (A, nr. 13, bls. 30—65).

Lög um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, undirskrifuð af konungi 22. marz 1890 (A, nr. 14, bls. 66—67).

Viðaukalög við tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849, undirskrifuð af konungi 22. marz 1890 (A, nr. 15, bls. 68—69).

Lög um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala og Barðastrandar prófastsdæmum, undirskrifuð af konungi 22. marz 1890 (A, nr. 16, bls. 70—71).

Lög um breyting á 1. gr. í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880, undirskrifuð af konungi 22. marz 1890 (A, nr. 17, bls. 72—73).

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Húnavatnssýslu* **um rjett yfirskattanefnda til að breyta tekjuskattsskrám o. fl.** — Í þóknanlegu brjefi, dags. 25. febrúar þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, í umboði yfirskattanefndarinnar í Húnavatnssýslu, spurzt fyrir um, að hve miklu leyti yfirskattanefnd hafi rjett til að heimta endurmat á sjálfseignarjörðum til eptirgjalds, er henni eptir kunnugleika þykir eptirgjaldið of lágt sett, og hvort sjálfseignarbóndi geti ekki heimtað nýtt mat á jörð sinni, ef hún hefur að mun fallið í verði frá þeim tíma, er hún var metin til eptirgjalds af skattanefndinni. **54** 12. apríl.

Útaf þessu skal yður þjónustusamlega tjáð yður til leiðbeiningar, að samkvæmt landshöfðingjabrjefum 3. febrúar, 20. marz og 20. september 1879 (Stjtíð. 1879 B nr. 22, 50 og 139), ber yfirskattanefndunum að rannsaka nákvæmlega skrár skattanefnda þeirra, sem þær eru skipaðar yfir, og þegar yfirskattanefnd virðist eitthvað vera óljóst eða rangt í slíkri skrá, þá er henni bæði skylt og heimilt að krefjast nánari skýringa frá hlutaðeigandi skattanefnd um það og síðan að lagfæra skrána eptir því sem henni virðist rjett vera. Þetta eptirlit yfirskattanefndanna nær einnig til virðingar til eptirgjalds samkvæmt 1. gr. tekjuskattslaganna á jörðum, sem eigandi býr sjálfur á eða notar, og er yfirskattanefnd því fyllilega heimilt og skylt, ef henni virðist slík virðing of lág, þá að fengnum þeim skýrslum, sem henni þykir með þurfa, bæði frá hlutaðeigandi skattanefnd og skattgreiðanda, að hækka virðingu jarðarinnar til eptirgjalds, eins og henni virðist sannast og rjettast. Sömuleiðis er jarðeiganda, sem býr á eða hefur afnot af sjálfs síns eign, heimilt samkvæmt 16. og 20. gr. tekjuskattslaganna, ef hann er óánægður með virðing skattanefndarinnar á jarðeign hans til eptirgjalds, þá að bera upp kæru sína yfir virðingunni fyrir skattanefndinni, og ef honum líkar ekki úrskurður skattanefndarinnar um kæru hans, þá að skjóta honum til yfirskattanefndarinnar, sem hefur sama vald til að leggja fullnaðarúrskurð á kæru yfir virðingu jarðeignar til eptirgjalds, eins og á kærur yfir öðrum ákvörðunum skattanefndar um tekjur gjaldenda.

Brjef landshöðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um flutning á þingstað** — Með þókanlegu brjefi, dags. 18. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Torfalækjarhreppi ásamt meðmælum sýslumannsins í Húnavatnssýslu, þar sem sótt er um leyfi til þess að flytja þingstað tjeðs hrepps **55** 14. apríl.

12. dagmaí mán. 1890.

Reykjavík, Prentsmiðja Ísafoldar 1890.